

Hreppsnefnd Flóahrepps

Egilsstaðakoti 10.10.2020

Árni Eiríksson

Fyrir hönd hestamannafélagsins Sleipnis sæki ég um 2.millj. styrk frá Flóahrepp til reiðvegagerðar á næsta ári 2020. Við fengum 1 millj. frá Flóahrepp á þessu ári og þökkum við kærlega fyrir það.

Eins og við töluðum um í fyrra kláruðum við að brjóta reiðveginn upp með Oddgeirhólavegi og brutu reiðveginn með Villingaholtsvegi. Lagður var reiðvegur með Villingaholtsvegi frá Volabré að Hlíðarbrún og reiðvegurinn á Flóaleiðinni frá Arnastöðum að Gaulverjabæjarvegi er endurbættur. Klárað verður að leggja reiðveg með Gaulverjabæjarvegi að Félagslundinu nú haust og lokið verður lagningu reiðveggar með Skeiðavegi en sá vegur hefur eingöngu verið lagður með fjármagni frá Landsvirkjun og úr ferðaleiðasjóði Landsambands hestamanna.

En fjárförfin er endalaus því í sumar var lagt malbik á Hamarsveginn (sem er af því góða) og erum við búin að vera í viðræður með vegagerð og landeigendur með lagningu reiðveggar með honum. Við teljum nauðsynlegt að fara í þær framkvæmdir á næsta ári en útlit er fyrir að notkun reiðveggar aukist enn við þennan veg þar sem mikil ásókn hestafólks að kaupa land í dreifbýli. Einnig höfum við verið í viðræðum við vegagerðina um reiðveg með Súluholtsvegi þar sem aukin þungaumferð er nú í Súluholtsgrýfjurnar.

Þökkum fyrir gott samstarf á liðnum árum.

Fyrir hönd reiðveganeftndar Hestamannafélagsins Sleipnis.

Einar Hermundsson